



Nefndir og ráð Reykjavíkurborgar

***Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi - notkun fjarfundabúnaðar***

Bréf þetta er sent til allra fagráða Reykjavíkurborgar sbr. B-lið 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og annara nefnda sbr. B-lið 64. gr eftir því sem við á.

Á fundi borgarstjórnar þann 24. mars 2020 var samþykkt hjálögð tillaga, dags. 23. mars 2020, um nýtingu á heimildum til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi.

Heimilt er nú að nota fjarfundabúnað á fundum borgarstjórnar, borgarráðs, fagráða og annara nefnda skv. B-lið 63. gr og B-lið 64. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Notkun slíks búnaðar skal að jafnaði vera í samræmi við leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórnar nr. 1140/2013 með þeirri undantekningu að meirihluti fundarmanna þarf ekki að vera á boðuðum fundarstað eins og fram kemur í 5. gr.

Það tilkynnist hér með.

Umrædd heimild gildir til 21. apríl 2020 og nær til:

mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs  
menningar-, iþróttu- og tómstundaráðs  
skipulags- og samgönguráðs  
skóla- og frístundaráðs  
umhverfis- og heilbrigðisráðs  
velferðaráðs  
barnaverndarnefndar  
endurskoðunarnefndar  
aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks  
fjölmenningaráðs  
íbúaráða  
innkauparáðs  
ofbeldisvarnarnefnd  
öldungaráðs

Frekar leiðbeiningar um heimild þessa og eftir atvikum um notkun fjarfundabúnaðar veitir

skrifstofa borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:

Tillaga um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, dags. 23. mars 2020.

Auglýsing um leiðbeiningar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna nr. 1140/2013